

**Sp.**

**45. Tillaga til þingsályktunar**

[40. mál]

um verðtryggingu lífeyris.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvornig framkvæma megi verðtryggingu frjálsra lífeyristrygginga, bæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka og lífeyristrygginga á vegum einstaklinga. Verði niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi það, er nú situr, ef tími vinnst til, ella fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**Greinargerð.**

Skortur á fjármagni til uppbyggingar atvinnuveganna hefur löngum verið helzta efnahagsvandamál Íslendinga. Meginorsök fjármagnsskortsins er hins vegar ónóg sparifjármyndun innanlands. Að sparifjármyndun hins vegar hefur ekki orðið meiri en raun er á, orsakast öðru fremur af sírýrnandi verðgildi peninga að undanfögnu.

Ein mikilvægasta hvöt manna til þess að spara er sú að tryggja sér viðunandi lífsviðurværi, eftir að starfsorkan er þrotin. Þetta gera menn með aðild að lífeyrissjóðum eða því að kaupa sér lífeyristryggingu í einni eða annarri mynd. Í nágrennlöndum okkar eru slíkar frjálsar lífeyristryggingar mikilvægur þáttur í þeirri sparifjármyndun, er á sér stað. En vegna verðbólgunnar hér á landi hefur enginn raunhæfur grundvöllur verið fyrir slíkri sparifjármyndun. Það mun varla þekkjast, að einstaklingar kaupir sér lífeyri, og rekstrargrundvöllur þeirra lífeyrissjóða, er verkalýðsfélög og önnur launþegasamtök hafa stofnað með samningum við atvinnurekendur, hlýtur að verða mjög hæginn, verði þeir ekki annaðhvort verðtryggðir eða takast megi að gera verðlagið stöðugt. Lífeyrissjóðir á vegum hins opinbera, svo sem hinn almenni lífeyrissjóður og lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, eru hins vegar raunverulega verðtryggðir, en það er gert með því, að ríkið leggur þessum sjóðum til það, sem á vantar, til þess að tekjur þeirra geti staðið undir hækkun lífeyrisgreiðslna til samræmis við hækkandi verðlag.

Íslenska þjóðfélagið hefur ekki efni á því, að svo mikilvæg sparnaðarhvöt sem fyrirbyggjan fyrir ellinni er, sé raunverulega lömuð. En svo hlýtur að verða, meðan ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að verðtryggja það fé, sem félög og einstaklingar leggja fram til frjálsra lífeyristrygginga. Slík ráðstöfun mundi og verða lyftistöng aukinnar tryggingarstarfsemi í landinu, sem telja má mjög æskilegt. Ef takast mætti að auka sparifjármyndun á þennan hátt, mundi það geta átt giftudrjúgan þátt í því að hamla gegn aukinni verðbólgu.

Þótt framkvæmdaörðugleikar á slíkri ráðstöfun séu nokkrir, ættu þeir þó ekki að vera óyffirstíganlegir, enda er þegar fengin nokkur reynsla í þessu efni með útgáfu vísitölutrygðra verðbréfa, m. a. á vegum húsnæðismálastofnunarinnar, og ætti að mega hafa það fyrirkomulag til hliðsjónar við framkvæmd þeirrar verðtryggingar, er hér um ræðir.